


Vísindalæsi

Það er spennandi að uppgötva hvernig hlutir virka. Þegar við veltum fyrir okkur spurningum, prófum okkur áfram og skoðum umhverfið lærum við af reynslunni.

Við viljum öll fá að rannsaka, prófa og skilja heiminn í kringum okkur.

Á frístundaheimilinu fáum við að gera tilraunir, leita lausna og vinna saman að hugmyndum. Þannig eflum við vísindalæsi og hjálpumst að við að skapa frístundaheimili þar sem við fræðumst og höfum gaman.



Frístundalæsi

